# LAUGARNESSKÓLI:
# GREINARGERÐ UM INNRA MAT FYRIR SKÓLAÁRIÐ 2025-2026

Niðurstaða innra mats (styrkleikar og tækifæri)

Stutt lýsing á skóla og vinnu við innra mat

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir innra mati Laugarnesskóla. Sett er fram matsáætlun sem sýnir viðfangsefni matsins, hvenær þau eru metin ásamt nánari lýsingu á því hvernig matið fer fram. Helstu niðurstöður eru settar fram þar sem lögð er áhersla á að fjalla um þætti sem best komu út og þá þætti sem þarfnast umbóta. Unnið er með umbótaþætti áfram í umbótaáætlun.

Markmið með innra mati skólans er að bæta árangur og gæði skólastarfsins en unnið er út frá útgefnum gæðaviðmiðum um skólastarf, menntastefnu Reykjavíkurborgar, leiðsagnarnámi og áherslum skólans. Gerð er langtímaáætlun til 5 ára og út frá henni er sett fram áætlun fyrir skólaárið. Viðmið um gæði eru rýnd á matsfundum þar sem starfsfólk ígrundar út frá viðeigandi gögnum og kemur sér saman um niðurstöðu. Vísbendingar sem þykja framúrskarandi eða mjög góðar eru taldar til styrkleika skólans en vísbendingar sem fá einkunnina ábótavant eða óviðunandi fara í umbótaáætlun. Niðurstöður námsmats, viðhorfskannana nemenda, starfsfólks og foreldra eru ávallt rýnd í innra mati skólans.

Helstu niðurstöður innra mats út frá áætlun fyrir skólaárið

**Námsárangur nemenda**

Í innra matinu er rýnt í árangur nemenda í lesfimiprófum og öðrum þáttum Matsferils út frá þeim viðmiðum sem sett voru í matsáætlun.
Styrkleikar: Fimm árgangar af sex mældust með hærra hlutfall nemenda á mælitölubilum yfir meðaltali en landsmeðaltal í lesfimiprófum í maí 2026. Allir þrír árgangar mældust yfir landsmeðaltali í lesskilningprófi í mars 2026 og tveir árgangar af þremur mældust yfir landsmeðaltali í stærðfræðiprófi í mars 2026.
Tækifæri til umbóta: Í lesfimiprófi í maí 2026 mældust 18% nemenda í 2. bekk á mælitölubilum yfir meðaltali en landsmeðaltal í árganginum var 21%. Í stærðfræðiprófi í mars 2026 mældust 19% nemenda í 4. bekk á mælitölubilum yfir meðaltali en landsmeðaltal var 21%.

**Viðhorf og líðan nemenda:**

Skólinn notar Skólapúlsinn til að spyrja nemendur 6. bekkjar um líðan þeirra í skólanum, virkni þeirra í námi og almennra spurninga um skólastarf og bekkjaranda. Tuttugu matsþættir eru metnir með nokkrum undirspurningum hver. Viðmiðið var að víkja ekki marktækt frá meðaltali sambærilegra skóla í Reykjavík.

Svör nemenda skólans eru sambærileg (ekki marktækur munur) og svör annarra nemenda sem taka þátt á 2 af 20 þáttum í könnun Skólapúlsins frá í vor. Þeir þættir sem viku marktækt frá meðaltali mældust marktækt hærra en hjá öðrum skólum í öllum tilvikum.
Styrkleikar: Langflestir matsþættir mælast marktækt hærra en hjá öðrum skólum sem þátt taka í Skólapúlsinum.
Tækifæri til umbóta: Tíðni eineltis mælist örlítið hærri en hjá samanburðarskólum.

**Viðhorf og líðan starfsfólks**

Líðan og viðhorf starfsfólks er metið í árlegri könnun, Stofnun ársins, sem Gallup leggur fyrir. Í heildarniðurstöðum mælist starfsánægja yfir meðaltali grunnskóla í Norðurmiðstöð og sjö af níu undirþáttum mælast einnig hærri.
Styrkleikar: Ánægja starfsfólks með stjórnun skólans, starfsanda og jafnrétti á vinnustaðnum.
Tækifæri til umbóta: Minnst ánægja mælist þegar spurt er um launakjör og starfsskilyrði.

**Gæðaviðmið grunnskóla.**

Nám og kennsla

Nám og kennsla er metin út frá gæðaviðmiðum í *Gæðastarf í grunnskólum* og þeim viðmiðum sem skólinn hefur unnið um gæði kennslu. Í ár var kafli 2.3. Gæði kennslu metinn.
Styrkleikar: Stefna skólans um kennsluhætti er sýnileg í skólanum, sjónrænar stoðir eru nýttar til stuðnings við nám og nemendur fá tækifæri til að bæta nám sitt á grundvelli leiðsagnarnáms.
Tækifæri til umbóta: Fjölga þarf námstækifærum fyrir bráðgera nemendur og styðja betur við íslenskunám fjöltyngdra nemenda.

Skipulag náms

Kafli 2.4. Skipulag náms var einnig metið á skólaárinu út frá sömu gæðaviðmiðum.
Styrkleikar: Samvinna og samstarf nemenda er markvisst nýtt í námi, mikil fjölbreytni er í list- og verkgreinum.
Tækifæri til umbóta: Teymiskennsla er misjafnlega mikið nýtt til að skapa fjölbreyttar námsaðstæður.

**Menntastefna Reykjavíkur**

Menntastefna Reykjavíkur inniheldur fimm grunnþætti: félagsfærni, sjálfseflingu, læsi, sköpun og heilbrigði. Gátlistar um stöðu hvers grunnþáttar eru nýttir til innra mats og á þessu skólaári var staða læsis metin.
Styrkleikar: Unnið er markvisst að eflingu læsis í skólastarfinu, skólasafnið styður við lestrarnám og lestaráhuga nemenda.
Tækifæri til umbóta: Leggja þarf aukna áherslu á forritunarnám og stafræna borgaravitund.